

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, föstudaginn 9. júlí 2010, í máli nr. S-338/2010:

Ákærvaldið

(*Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.*)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 21. júní sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 30. apríl 2010, á hendur X, kt. 000000-0000, [heimilisfang] „fyrir kynferðisbrot, gegn sonardóttur sinni, A, fæddri ..., með því að hafa á árunum 2006 og 2007, brotið gegn henni eins og að neðan greinir og við það m.a. notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka sinna:

- a) Á ofangreindu heimili sínu káfað þrisvar til fjórum sinnum á kynfærum hennar innanklæða.
- b) Í bifreið sem staðsett var á höfuðborgarsvæðinu, reynt einu sinni að hafa samræði við hana.
- c) Í sumarbústað á suður- eða vesturlandi, einu sinni haft við hana munnmök.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt a-lið varða við 2. mgr. 200. gr., samkvæmt b- og c-lið við 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 61/1007, sbr. áður 196. gr. laga nr. 19/1940 og einnig sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga hvað varðar b-lið.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu A, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000 auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. nóvember 2002 þar til

mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.“

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög framast heimila. Þá er þess krafist að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

Jafnframt krefst ákærði sýknu af einkaréttarkröfum, en til vara verulegrar lækkunar.

Loks er krafist hæfilegrar þóknunar að mati dómsins og í samræmi við framlagða vinnuskýrslu.

II.

....

III.

Í máli þessu er ákærða gefið að sök kynferðisbrot gegn sonardóttur sinni, brotþola í máli þessu, með því að hafa á árunum 2006 og 2007 brotið gegn henni eins og nánar greinir í ákæruliðum a-c og við það m.a. notfært sér að hún gat ekki spornað við verknadnum sökum andlegra annmarka sinna.

Fram hefur komið að Tryggvi Sigurðsson sálfræðingur framkvæmdi greindarmat á brotþola að beiðni lögreglu. Í skýrslu hans, sem dagsett er 24. febrúar 2010, segir að niðurstöður greindarprófunar sýni greind ofarlega á stigi vægrar þroskahömlunar hjá brotþola. Aðurgreindur sálfræðingur staðfesti hér fyrir dómi að prófanir hefðu sýnt að brotþoli væri undir öllum skekkjumörkum í þroskamati og að hægt væri að segja með miklu öryggi að hún væri með væga þroskahömlun. Framlagt bréf Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, dags. 17. október 2000, og vottorð Þóru Sigfríðar Einarsdóttur sálfræðings, dags. 8. júní 2010, sem hún staðfesti hér fyrir dómi, benda til hins sama. Þykir í ljós leitt með vísan til þessara gagna, annarra framlagðra gagna og framburðar vitna, að brotþoli sé þroskaskert og því haldin andlegum annmörkum eins og í ákæru greinir.

Í a-lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa á heimili sínu að [...] káfað þrisvar til fjórum sinnum á kynfærum brotþola innanklæða.

Brotþoli lýsti þessum atvikum á þann veg hér fyrir dómi að þegar þau systkinin gistu hjá afa sínum og ömmu í Z hefði ákærði oft sagt þeim sögur fyrir svefninn og þá hefði hann alltaf viljað fara með höndina undir sængina til að snerta þjölluna. Í fyrstu hefði honum tekist að snerta á henni kynfærin. Sagði brotþoli fyrst að ákærði hefði farið a.m.k. tvisvar sinnum með höndina undir fötin, en síðar í skýrslunni sagði hún að afi hennar hefði snert kynfærin tvisvar til þrisvar sinnum. Eftir þessi fyrstu skipti hefði hún farið að halda sænginni fast þegar hann reyndi að snerta hana og náð að stoppa hann af. Þegar hún hefði sagt honum að hætta hefði hann sagt: „Pínu meira.“ Hún hefði þá sagt nei, og að þetta væri búið. Hún sagði að ákærði hefði reynt þetta mjög oft. Hún sagði að hann hefði stundum spurt: „Má

ég?“og kinkað kollinum um leið á sérstakan hátt og þannig hefði hún skilið um hvað hann var að biðja því hann hefði notað þessa bendingu áður. Hún sagði að ákærði hefði fyrst gert þetta þegar hún var 14-15 ára og síðast þegar hún var 18 ára.

Brotapoli sagði að sér hefði liðið mjög illa og verið reið og pirruð þegar ákærði hafði þessa háttsemi í frammi. Þá lýsti hún því að hún hefði öll skolfið á meðan á þessu stóð. Sagðist hún hafa kviðið því mjög að fara til afa síns og ömmu vegna þessarar háttsemi ákærða.

Í skýrslu sinni fyrir dómi við rannsókn málsins bar brotapoli á sama hátt. Hún sagði að ákærði hefði ætlað að koma við klofið þegar hann hefði verið að lesa sögur, en hún hefði ekki leyft það. Sagðist hún hafa haldið í sængina svo að hann gæti ekki snert budduna. Hann hefði þó komið þrisvar til fjórum sinnum við budduna með hendinni.

Í könnunarviðtali í Barnahúsi greindi brotapoli frá því að ákærði hefði reynt að koma við hana að neðan þegar hann var að segja sögur, en hún hefði haldið sænginni mjög fast. Þetta hefði fyrst átt sér stað þegar hún var 16 ára.

Bróðir brotapola, B, bar um það hér fyrir dómi að brotapoli hefði tjáð sér að ákærði hefði alltaf beðið eftir því að þeir bræður sofnuðu og þá hefði hann farið að þukla á brjóstunum á brotapola og strjúka henni um lærin. Sagðist hann stundum hafa rankað við sér þegar afi hans hefði rekist utan í hann, en ekki þorað að líta á þau því hann sagðist hafa haldið að afi sinn væri uppi á brotapola, eins og hann orðaði það. Brotapoli hefði oft talað um þetta við sig og tjáð sér að ákærði hefði gert þetta oft. Hann sagðist hafa verið 15-16 ára síðast þegar ákærði gerði eitthvað svona við brotapola.

Í skýrslu sinni fyrir dómi við rannsókn málsins tjáði vitnið sig ekki um þessi atvik, en í könnunarviðtali í Barnahúsi sagði vitnið að ákærði hefði þuklað á brotapola.

Bróðir brotapola, C, skýrði frá því hér fyrir dómi að ákærði hefði oft sagt þeim sögur fyrir svefninn og þá hefði hann alltaf viljað sitja við hliðina á brotapola og alltaf fært sig nær og nær henni. Hefði hann þá verið að þreifa á líkama hennar, þ.e. á lærum og brjóstum. Ákærði hefði farið með höndina undir sængina, en það hefði alveg sést hvað hann var að gera. Hann hefði aðallega snert brotapola á lærunum. Sagði hann að sig minnti að hann hefði séð þetta oft en einu sinni og oftast þegar þau voru að fara að sofa. Brotapoli hefði beðið þá bræður um að vera hjá sér svo að ákærði myndi síður gera þetta við hana. Hann sagðist hafa verið 13 eða 14 ára gamall þegar hann sá þetta síðast.

Í skýrslu sinni fyrir dómi við rannsókn málsins sagði hann að þegar ákærði hefði verið að segja þeim sögur fyrir svefninn hefði hann reynt að snerta brjóstin á brotapola. Sagðist hann bæði hafa tekið eftir þessu sjálfur, en einnig hefði hann heyrt aðra tala um það. Sagðist hann halda að þetta hefði gerst oft en einu sinni og sagðist alla vega hafa séð þetta einu sinni.

Í könnunarviðtali í Barnahúsi sagðist hann halda að afi sinn hefði ætlað að koma við brotapola og að brotapoli hefði beðið þá bræður að passa sig svo að afi þeirra myndi ekki koma við hana. Sagði hann að sig minnti að afi þeirra hefði komið við brotapola þegar hún var að fara að sofa.

Móðir brotþola, D, sagði í skýrslu sinni hér fyrir dómi, sem er í samræmi við skýrslu hennar hjá lögreglu, að brotþoli hefði byrjað að segja sér frá málsatvikum þegar hún var 16 til 17 ára. Þá sagði hún að brotþoli hefði farið í heimsókn til afa síns og ömmu í Z eftir að hún sagði henni frá háttsemi ákærða. Hún sagði að brotþoli hefði tjáð sér að þegar ákærði hefði verið að segja þeim systkinum sögur fyrir svefninn hefði hann farið með höndina undir sængina og þuklað á þjöllunni og brjóstunum. Hún hefði verið farin að ríghalda í sængina svo að hann kæmist ekki undir hana. Ekki hefði komið fram hjá brotþola hvort ákærða hefði tekist að koma við kynfæri hennar.

Ákærði hefur í skýrslum sínum hjá lögreglu og fyrir dómi afdráttarlaust neitað sök í málinu. Hér fyrir dómi kvaðst hann telja það fráleitt að hann hefði kafað á brotþola innanklæða. Hann staðfesti að þau systkinin hefðu yfirleitt sofíð öll þrjú í gestaherbergi á heimili hans þegar þau gistu hjá þeim hjónum í Z. Þá kannaðist hann við að hafa oft sagt þeim systkinum sögur fyrir svefninn. Skýrslum ákærða fyrir dómnum og hjá lögreglu ber saman í öllum meginatriðum.

Framburður og framkoma brotþola, sem er tæplega tvítug, bar þess greinileg merki að hún er þroskaskert. Frásögn brotþola hér fyrir dómi af atvikum þeim sem greinir í a-lið ákærunnar var hins vegar allskýr um öll meginatriði og er ágætt samræmi á framburði hennar um þessi atvik fyrir dómi við aðalmeðferð og rannsókn málsins, svo og í könnunarviðtali í Barnahúsi. Hefur framburður hennar um þessi atvik verið stöðugur. Þá hefur brotþoli lýst líðan sinni á meðan á þessu stóð og eftir þessa atburði með trúverðugum hætti og fær sú frásögn brotþola stöð í skýrslum þeirra sálfræðinga sem kannað hafa líðan hennar og ástand. Einnig þykir skýrsla vitnisins Þóru Sigfríðar Einarsdóttur um afar neikvæðar tilfinningar brotþola í garð ákærða skjóta stöðum undir framburð brotþola. Jafnframt fær framburður brotþola um þessi atvik einnig stuðning í framburði móður hennar um að brotþola hefði liðið illa þegar til stóð að hún færi suður í heimsókn til afa síns og ömmu. Loks þykir frásögn brotþola af svipbrigðum og sérstökum bendingum ákærða þegar hann vildi láta til skarar skríða einkar trúverðug.

Fram hefur komið að bræður brotþola, þeir B og C, eru einnig þroskaskertir og bar framburður þeirra hér fyrir dómi þess allskýr merki. Ágætt samræmi er þó á framburði þeirra fyrir dómi við aðalmeðferð og rannsókn málsins, svo og í könnunarviðtali í Barnahúsi, og á það sérstaklega við nokkuð greinargóðan framburð vitnisins C, sem tjáði sig meira um þessi atvik en vitnið B. Framburður bræðranna um það hvenær þeir urðu síðast vitni að þessari hegðun ákærða er í samræmi við framburð brotþola. Þykir framburður þessara vitna um þau atvik er greinir í a-lið ákærunnar trúverðugur.

Ákærða, brotþola, bræðrum hennar, föður og ömmu bar saman um það að þegar systkinin komu suður og gistu á heimili afa síns og ömmu í Z hafi þau öll þrjú sofíð saman í gestaherbergi íbúðarinnar, en amma þeirra hefur reyndar borið um það að þannig hafi fyrirkomulagið verið þegar börnin voru minni, en þegar þau stækkuðu hefði brotþoli sofíð ein í gestaherberginu. Öllum ber þeim og saman um að ákærði hafi iðulega sagt systkinunum sögur fyrir svefninn. Einnig hefur komið fram að faðir barnanna og amma hafi verið frammi á meðan. Hefur brotþoli borið um það að hún hafi haldið fast í sængina sína til að varna því að ákærði færi með höndina undir sængina. Ekkert hefur hins vegar komið fram um frekari átök eða orðaskipti

þeirra á milli. Með hliðsjón af þessu þykir ljóst að ákærði gat haft þessa háttsemi í frammi inni í gestaherberginu án þess að faðir barnanna eða amma, sem voru annars staðar í íbúðinni, yrðu þess vör.

Með vísan til trúverðugs framburðar brotaþola, sem samrýmist stöðugum og trúverðugum framburði vitnisins C og fær góðan stuðning í framburði vitnanna B og D, sem og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins þykir, þrátt fyrir eindregna neitun ákærða, í ljós leitt svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi að minnsta kosti tvisvar sinnum haft í frammi háttsemi þá er greinir í a-lið ákærunnar.

Er þessi háttsemi ákærða réttilega heimfærð í ákæru til 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 61/2007.

Í b-lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa reynt einu sinni að hafa samræði við brotaþola í bifreið, sem staðsett hafi verið á höfuðborgarsvæðinu.

Í skýrslum sínum fyrir dómi, bæði við aðalmeðferð og rannsókn málsins, svo og í könnunarviðtali í Barnahúsi, hefur brotaþoli tengt þetta atvik við kaup ákærða á tímaritinu Bleiku og bláu. Hefur hún greint frá því að þau ákærði hafi farið ein í ökuferð, en bræður hennar hafi ekki mátt koma með. Þau hafi farið í verslunina 10-11 og þar hafi ákærði keypt handa henni umrætt blað og sagt henni að skoða það. Að svo búnu hefði hann ekið út fyrir bæinn, sagt henni að fara í aftursætið á jeppanum og reynt að fara upp á hana þar, eins og hún orðaði það, en hún hefði stöðvað hann. Við aðalmeðferð málsins sagði brotaþoli að ákærði hefði klætt sig úr öllu að neðan og reynt að klæða hana úr peysunni. Jafnframt sagðist brotaþoli hafa barist á móti ákærða og haldið í peysuna.

Ákærði hefur neitað því alfarið, bæði hér fyrir dómi og hjá lögreglu, að hafa reynt að hafa samræði við brotaþola í bifreið sinni og hefur borið því við að hann hafi verið getulaus í 10 ár vegna aðgerðar á blöðruhálskirtli. Hann hefur hins vegar staðfest að brotaþoli hafi eitt sinn beðið hann um að kaupa handa sér tímaritið Bleikt og blátt, en hann hefði sagt henni að ef hún vildi eignast blaðið yrði hún að kaupa það sjálf. Með í þessari búðarferð hefðu verið, auk hans og brotaþola, bræður brotaþola og amma barnanna. Þá sagðist hann ekki minnast þess að hafa farið í ökuferð eftir að blaðið var keypt, og sagðist ekki muna betur en að þau hefðu gengið heim þegar búíð var að versla.

Vitnið B bar um það við aðalmeðferð málsins að fyrir þremur til fjórum árum hefðu þau systkinin farið með afa sínum og ömmu að versla í Bónus eða Hagkaup í Z og þá hefði afi hans keypt ádurgreint tímarit handa brotaþola. Hann sagðist ekki vera viss um hvort brotaþola langaði í blaðið. Sagðist hann vera viss um að hafa verið í þessari búðarferð og sagðist hafa séð þegar blaðið var keypt. Í dómskýrslu við rannsókn málsins sagði vitnið að fyrir tveimur til þremur árum hefði ákærði gefið brotaþola umrætt blað í Smáralindinni.

Vitnið bar einnig um það að brotaþoli hefði tjáð sér að hún og ákærði hefðu farið aftur í jeppa ákærða og þar hefði hann þuklað og strokið á brjóstum og líkama hennar og einnig kysst hana.

Vitnið C sagði að einu sinni hefðu þau systkinin farið með pabba sínum og afa að versla. Þá hefði afi hans pikkað í brotaþola og sagt að þau yrðu að fara ein saman.

Síðan hefði hann keypt handa henni áðurgreint tímarit. Hann var ekki viss um hvort verslunin var í R eða Z og sagðist ekki muna hvort amma hans var með í för eða ekki. Vitnið tjáði sig ekki um þetta í skýrslu sinni fyrir dómi við rannsókn málsins, en í könnunarviðtali í Barnahúsi sagði hann að afi sinn hefði gefið brotþola klámblað og sagt henni að fela það.

Báðir bræðurnir báru um það að þau hefðu verið á bíl og eftir búðarferðina hefðu þau farið heim að borða. Er það í samræmi við framburð ákærða.

Vitnið D bar um það að hafa séð blaðið í fórum systkinanna og foreldrar hennar, þau A og C, könnuðust við að hafa heyrt af kaupum á þessu blaði. Vitnið D sagði einnig að brotþoli hefði tjáð sér að afi hennar hefði ekið út fyrir bæinn, sagt henni að fara aftur í og byrjað að hysja niður um sig. Hann hefði síðan reynt að hafa við hana samfarir en hún hefði stoppað hann af.

Af framburði brotþola er ljóst að engir aðrir en þau ákærði geta verið til frásagnar um atvik það sem b-liður ákærunnar tekur til. Þá er ljóst að framburður vitnanna B og D, sem ákæruvaldið byggir á til stuðnings málalíbúnaði sínum, er aðeins endursögn á frásögn brotþola. Þá er framburður bræðra brotþola um hvar blaðið var keypt og hverjir voru með í för í greint sinn misvísandi og í ósamræmi við framburð brotþola, sem hefur borið um það að þau ákærði hefðu farið ein í verslunina. Þá hafa báðir bræðurnir borið um það að eftir að blaðið var keypt hafi þau farið heim á bílnum og síðan farið að borða. Er þetta heldur ekki í samræmi við framburð brotþola.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrðin um sekt sakbornings og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu. Svo sem hér hefur verið rakið er um sakaratriði málsins í raun ekki við önnur gögn að styðjast en framburð brotþola, en eins og áður greinir fær hann að öðru leyti ekki nægan stuðning í framburði vitna. Með hliðsjón af því og öðru framangreindu verður ekki talið, gegn neitun ákærða, að ákæruvaldinu hafi tekist að sanna svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi sýnt af sér þá háttsemi sem honum er gefin að sök í b-lið ákærunnar. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákæruvaldi.

Í c-lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa einu sinni haft við brotþola munnmök í sumarbústað á Suður- eða Vesturlandi.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi sagði brotþoli að einu sinni þegar hún hefði gist hjá afa sínum og ömmu í Z hefði afi hennar reynt að sleikja á henni kynfærin. Hún hefði þá verið farin að sofa á undan bræðrum sínum á hornsófanum í gestaherberginu. Hún sagði að ákærði hefði ætlað að klæða hana úr brókinni og reynt að sleikja kynfærin en ekki náð því þar sem hún hefði ríghaldið sænginni og verið mjög reið. Þá sagðist hún ekki muna hvort ákærði reyndi þetta oft. Síðar í skýrslunni sagði brotþoli að hún hefði sagt B bróður sínum frá því að ákærði hefði sleikt á henni kynfærin. Sagði hún nánar aðspurð að ákærða hefði tekist einu sinni að sleikja á henni kynfærin en það hefði verið þegar hún var í heimsókn hjá honum í Z. Hún sagði jafnframt að hann hefði oft reynt það en ekki tekist það aftur. Aðspurð sagði hún að ákærði hefði aldrei reynt þetta þegar þau voru í sumarbústað.

Við rannsókn málsins sagði brotþoli fyrir dómi að hún myndi ekki eftir því að ákærði hefði sleikt budduna. Hann hefði þó reynt það en hún hefði ekki leyft það. Þegar hún var innt nánar eftir þessu sagði brotþoli að ákærði hefði sagt sér að fara aftur í og hefði svo ætlað...(hér stöðvaði brotþoli frásögn sína), en hún hefði stoppað hann og sagt honum að fara heim.

Í könnunarviðtali í Barnahúsi sagði brotþoli að ákærði hefði komið með munninn við kynfæri hennar í sumarbústaðnum.

Vitnið B sagði að í afmælisveislu I ömmu sinnar, sem haldin hefði verið í sumarbústað, hefði hann vaknað upp við að ákærði var að fíkta í klofinu á brotþola og sleikja það. Sagði hann að ákærði hefði sett fingurna inn í leggöngin og sleikt kynfærin. Sagðist hann hafa heyrt í þeim, þ.e. eins konar smjatt. Brotþoli hefði ekki verið í brókinni og ekki með sængina yfir sér. Jafnframt sagði hann að brotþoli hefði ekki getað varið sig og ekki þorað annað en að segja já. Þá sagðist hann hafa rætt þetta við systur sína síðar og hún tjáð honum að henni hefði fundist þetta leiðinlegt og að henni liði frekar illa.

Við rannsókn málsins sagði vitnið fyrir dómi að hann hefði séð þegar ákærði setti tunguna á kynfæri brotþola, en þetta hefði átt sér stað í sumarbústað í M. Sagðist hann hafa horft á þau og einnig heyrt í þeim. Hann hefði síðan sofnað og því vissi hann ekki hvort hann hefði farið inn í hana eða ekki, eins og vitnið orðaði það. Jafnframt sagði hann að brotþoli hefði viljað þetta og oft beðið ákærða um þetta. Stundum hefði hann sagt nei, en síðan gefist upp og gert þetta bara. Vitnið sagði að ákærði hefði einnig sleikt puttann og sett hann inn í leggöngin.

Í könnunarviðtali í Barnahúsi sagði vitnið að ákærði hefði sleikt píkuna á brotþola og alveg upp brjóstin. Sagði hann að þetta hefði gerst í sumarbústað í 75 ára afmælisveislu afa síns. Sagðist hann hafa verið að reyna að sofna þegar þetta gerðist og sagðist ekki vita hvort hann hefði stungið þessu inn, eins og hann orðaði það, því hann hefði sofnað.

Vitnið C sagði í skýrslu sinni hér fyrir dómi að hann myndi ekki eftir neinum atvikum í sumarbústaðnum hjá L og N. Hann sagði aðspurður að sig minnti að brotþoli hefði tjáð sér að afi þeirra hefði sleikt á henni kynfærin.

Vitnið minntist hvorki á þetta í skýrslu sinni fyrir dómi við rannsókn málsins né í könnunarviðtali í Barnahúsi.

Vitnið D sagðist aðspurð ekki minnast þess að brotþoli eða bræður hennar hefðu rætt um munnmök við sig.

Þegar ákærði var inntur út í sakarefni c-liðar ákærunnar sagðist hann ekki vera viss um hvað átt væri við með munnmökum og sagðist áreiðanlega aldrei hafa haft munnmök, hvorki við brotþola né neinn annan. Hann kannaðist hins vegar við það að hafa haldið upp á 75 ára afmæli sitt í sumarbústað dóttur sinnar og tengdasonar í M. Einnig að þar hefðu verið brotþoli og bræður hennar ásamt föður þeirra.

Eins og að framan greinir ber brotþola og vitninu B ekki saman um málsatvik. Brotþoli þvertók fyrir það hér fyrir dómi að ákærði hefði reynt að sleikja kynfæri

hennar í sumarbústað, en hann hefði hins vegar reynt það og tekist það einu sinni á heimili sínu í Z. Hún hefði þá verið ein í gestaherberginu ásamt ákærða. Vitnið B sagðist hins vegar hér fyrir dómi hafa orðið vitni að þess konar háttsemi hjá ákærða í sumarbústað í M. Ekki er fullt samræmi á framburði þessa vitnis hér fyrir dómi og fyrir dómi við rannsókn málsins um viðbrögð brotþola við þessari háttsemi ákærða. Þá hefur framburður brotþola um þessi atvik verið óstöðugur og ber skýrslum hennar hér fyrir dómi, við rannsókn málsins og í könnunarviðtali í Barnahúsi ekki fullkomlega saman.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið, gegn neitun ákærða, að ákærvaldinu hafi tekist að sanna svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi sýnt af sér þá háttsemi sem honum er gefin að sök í c-lið ákærunnar. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

Niðurstaða málsins er því sú að ákærði er sakfelldur fyrir háttsemi þá er greinir í a-lið ákærunnar, en sýknaður af ákæruliðum b og c.

Eins og áður greinir þykir háttsemi ákærða samkvæmt a-lið ákæru réttilega heimfærð til 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 61/2007.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki áður sætt refsingu.

Ákærði hefur með brotum sínum brugðist trúnaði gagnvart þroskaskertu barnabarni sínu og á sér engar málsbætur. Til þess verður þó að líta að hann er kominn hátt á áttæðisaldur og er haldinn líkamlegum sjúkdómum samkvæmt framlögðum læknavottorðum. Þá verður og að líta til þess að eins og málið liggur fyrir er ósannað að brot ákærða hafi verið framin eftir 3. apríl 2007, þegar lög nr. 61/2007 tóku gildi, en með 9. gr. þeirra var breytt til hækkunar refsímörkum 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Að virtu þessu og 4. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Af hálfu brotþola, A, hefur þess verið krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur frá 1. janúar 2006 til 19. desember 2009 og dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Með broti sínu hefur ákærði bakað sér skyldu til að greiða stúlkunni miskabætur, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Brot ákærða eru til þess fallin að skaða sjálfsmynd stúlkunnar og hafa alvarlegar afleiðingar um ókomna tíð. Verður ákærði dæmdur til að greiða stúlkunni miskabætur að fjárhæð 600.000 krónur. Þar sem óljóst er hvenær hin bótaskyldu atvik áttu sér stað skulu ekki reiknast almennir vextir á kröfuna, en dráttarvextir reiknist eins og greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður er alls að fjárhæð 1.537.337 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Rúnars Ólafssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin að fjárhæð 753.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Arnbjargar Sigurðardóttur hdl., sem þykir hæfilega ákveðin að fjárhæð 313.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Í sakarkostnaði er einnig meðtalinn útlagður kostnaður verjanda að fjárhæð 101.490 krónur og

útlagður kostnaður réttargæslumanns að fjárhæð 56.575 krónur.

Í samræmi við niðurstöðu málsins er ákærða gert að greiða 1/3 hluta alls sakarkostnaðar, en 2/3 sakarkostnaðar er felldur á ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008.

Dóm þennan kveða upp Ragnheiður Bragadóttir, Sandra Baldvinsdóttir og Sveinn Sigurkarlsson, héraðsdómarar.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði brotþola 600.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. desember 2009 til greiðsludags.

Ákærði greiði 1/3 hluta sakarkostnaðar, sem er samtals að fjárhæð 1.537.337 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Rúnars Ólafssonar hdl., 753.000 krónur, útlagður kostnaður hans, 101.490 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Arnbjargar Sigurðardóttur hdl, 313.750 krónur og útlagður kostnaður hennar, 56.575 krónur, en 2/3 hlutar alls sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Bragadóttir

Sandra Baldvinsdóttir

Sveinn Sigurkarlsson